

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 6. febrúar 2006 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 16³⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinum voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Þriggja ára áætlun Höfðahrepps.

Fyrir fundinum lá tillaga að þriggja ára áætlun Höfðahrepps. Sveitarstjóri skýrði forsendur áætlunarinnar. Tillagan var samþykkt og vísað til annarrar umræðu.

2. Snorraberg ehf

a) Rekstrarreikningur 2005

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti rekstrarreikninginn.

b) Uppgjör byggingakostnaðar

Fyrir fundinum lá uppgjör vegna byggingar sumarhúss að Hólabergi 4. Í uppgjörinu er jafnframt skilgreint hvernig hlutfjárframlagi eigenda skuli háttað. Adolf lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið og vék af fundi.

Samkvæmt uppgjörinu er gerð tillaga um að hlutfé verði samtals 6.900.000 kr. sem skiptist þannig: Höfðahreppur 49,28% og Thomsen ehf 50,72%.

Hreppsnefnd samþykkti tillögu um skiptingu hlutfjár.

3. Brunavarnaáætlun slökkviliðs Skagastrandar

Fyrir fundinum lá brunavarnaráætlun sem unnin var af Þresti Líndal, slökkviliðsstjóra og Ágúst Þór Bragasyni yfirmanni þjónustudeildar undir ritstjórn Guðbjarts Ólafssonar tæknifræðings. Brunavarnaáætlunin er gerð fyrir starfssvæði slökkviliðsins samkvæmt ákvæða í lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Með brunavarnaáætluninni er lagður grunnur að markvissari stjórnun og gerð úttekt á starfsemi slökkviliðsins.

Brunavarnaáætlunin var rædd en hreppsnefnd samþykkti síðan áætlunina fyrir sitt leyti.

4. Bréf:

a) Útflutningsráðs Íslands, dags. 6. janúar 2006.

Með bréfinu er kynnt þróunarverkefni fyrir aðila í ferðaþjónustu undir heitinu Hagvöxtur á heimaslóð.

Bréfið var til kynningar.

b) Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 21. desember 2005.

Í bréfinu eru kynnt hækkun á útgjaldajöfnunarframlögum og framlögum til jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti vegna ársins 2005. Í bréfinu er einnig gerð grein fyrir áætluðum heildarframlögum sjóðsins 2006.

Bréfið var til kynningar.

c) Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 26. janúar 2006

Bréfið varðar endurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er ítrekun á fyrra erindi sjóðsins um að sveitarfélögum gefist kostur á að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum vegna endurskoðunarinnar.

Samþykkt að senda bréf og draga fram áherslur hreppsnefndar vegna endurskoðunarinnar.

d) Varasjóðs húsnæðismála, dags. 4. janúar 2006.

Í bréfinu er gerð grein fyrir breytingum á lögum og reglugerð um Varasjóð húsnæðismála. Bréfið var til kynningar.

e) Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi, dags. 2. janúar 2006.

Í bréfinu er starfsemi markaðsskrifstofunnar kynnt og hvatt til þess að sveitarfélagið komi til samstarfs í rekstri skrifstofunnar. Meðfylgjandi bréfinu var bréf Eyþings þar sem ályktun aðalfundar um hvatningu til samstöðu meðal sveitarfélaganna í markaðs og ferðamálum er kynnt.

f) Rarik, dags. 28. desember 2005.

Í bréfinu er gerð grein fyrir tímamótum sem urðu í raforkusölu sl. áramót þegar viðskipti með raforku voru gefin frjáls. Einnig er gerð grein fyrir lækkun gjaldskrár á almennu orkugjaldi.

Bréfið var til kynningar.

g) Varasjóðs húsnæðismála, dags. 30. desember 2005.

Í bréfinu er tilkynnt um úthlutun söluframlags vegna sölu félagslegra íbúða.

Bréfið var til kynningar.

h) Lionsklúbbs Skagastrandar, dags. 28. desember 2005

Í bréfinu er óskað eftir styrk til að koma upp hring sjá á Spákonufellshöfða. Samþykkt að leggja 163.500 kr til verkefnisins skv. erindi bréfsins.

5. Fundargerðir:

a) Skólanefndar, 9. janúar 2006.

Fundargerðin var samþykkt.

b) Leikskólanefndar, 10. janúar 2006.

Fundargerðin var samþykkt.

c) Héraðsnefndar, 15. desember 2005.

Fundargerðin var til kynningar.

d) Aðalfundar Félagsþjónustu A-Hún, 15. desember 2005

Í fundargerðinni kemur fram að tilnefna þurfi fulltrúa í starfshóp til að meta möguleika á að breyta rekstrarformi félagsþjónustunnar. Sveitarstjóri var tilnefndur í starfshópinn.

Fundargerðin var að öðru leyti til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna hennar.

e) Heilbrigðisnefndar Nl.vestra, 16. janúar 2006.

Fundargerðin var til kynningar.

f) Norðurár bs. 9. janúar 2006.

Fundargerðin var til kynningar.

g) Norðurár bs. 17. janúar 2006.

Fundargerðin var til kynningar.

6. Önnur mál.

Umræður urðu um yfirlýsingar félagsmálaráðherra um að hluti starfa við fæðingarorlofssjóð verði flutt til Skagastrandar. Hreppsnefndarmenn lýstu ánægju sinni með þau áform og samþykktu að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða málið við hlutaðeigandi og bjóða liðsinni sveitarfélagsins til að umræddur verkefnaflutningur geti tekist sem best.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 18³⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)